

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Mýrdalshrepps nr. 905/2013.

1. gr.

1. mgr. 8. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:
Sveitarstjórn Mýrdalshrepps heldur reglulega fundi sveitarstjórnar á skrifstofu hreppsins, í þriðju viku hvers mánaðar. Sveitarstjórn skal í upphafi kjörtímabils ákveða fundardag og fundartíma sveitarstjórnar.

2. gr.

1. tl. B-liðar 40. gr. samþykktarinnar breytist og verður svohljóðandi:
Skipulagsnefnd. Fimm aðalmenn og jafnmargir til vara skv. 6. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

3. gr.

Samþykkt þessi, sem sveitarstjórn Mýrdalshrepps hefur sett samkvæmt ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

Innanríkisráðuneytinu, 13. nóvember 2014.

F. h. innanríkisráðherra,

Ingilín Kristmannsdóttir.

Stefanía Traustadóttir.